

Rannsókn á stöðu umgengnisforeldra

Ari Klængur Jónsson (arijonsson@hi.is)

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



Tilgangur verkefnisins

- Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna stöðu foreldra sem ekki deila lögheimili með barni / börnum sínum
- Í rannsókninni verður meðal annars leitast við að athuga hvort og þá hvernig fjárhagur þeirra hafi áhrif á samveru og samband við börnin, kostnaðarþátttöku í uppeldi barnanna s.s. við íþrótt- og tómstundaiðkun og hvernig samskiptum við hitt foreldrið er háttað

Bakgrunnur

- + Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið stendur að gerð rannsóknarinnar í samvinnu við V elferðarvaktina
- + Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd í samvinnu við Kolbein Stefánsson, dósent við Háskóla Íslands
- + Gagna verður aflað með spurningakönnun sem lögð verður fyrir tilviljunarúrtak foreldra af landinu öllu, sem eiga börn en deila ekki lögheimili með þeim
- + Unnið verður úr gögnum og niðurstöður settar fram í skýrslu þar sem þeim verður lýst, þær túlkaðar og helstu niðurstöður dregnar fram í texta

Úrtakið

Sérvinnsla frá Þjóðskrá Íslands

Úrtakið samanstendur af foreldrum sem eiga börn en deila ekki lögheimili með þeim

Börnin eru útgangspunkturinn í úrtakinu en foreldrarnir eru viðfangsefnið - spurt er út í aðstæður og stöðu foreldra en ekki barna

Tekið verður 2000 manna tilviljunarúrtak úr þessum hópi

Spurningalistinn

Spurningalistinn samanstendur af 60 spurningum (ígildi spurninga)

Bakgrunnsspurningar (hjúskaparstaða, menntun, fjárhagur, fjöldi barna á heimili)

Samskipti við hitt foreldrið

Tengsl við skóla og tómstundastarf barns

Samveru með barni

Hlutdeild í ákvörðunartöku

Útgjöld tengdu barni

Lífskjör heimilis og húsnæðiskostur ...

Framkvæmd

- + Hlutverk Félagsvísindastofnunar felst í því að afla gagna með spurningakönnun og vinna úr henni
- + Gagna verður aflað með net- og símakönnun
- + Sent verður út kynningarbréf með slóð og aðgangsorði að spurningalista á netinu
- + Eftirfylgni með símhringingu: Þátttakendum boðið upp á að gefa upp netfang sitt og fá slóðina á spurningalistann senda með tölvupósti eða svara könnuninni í síma
- + Þrjár ítrekanir verða sendar í tölvupósti til þeirra sem kjósa að svara á netinu en svara ekki fyrir ákveðna dagsetningu

Framkvæmd frh.

Að lokinni gagnaöflun:

- + Gagnahreinsun og gerð SPSS-skrár
- + Tölfræðileg úrvinnsla og skýrslugerð
 - + Svör greind eftir bakgrunni þátttakenda og marktektarpróf reiknuð. Unnið verður úr opnum og hálfopnum spurningum og þau þemagreind og greind eftir bakgrunni ef við á
 - + Niðurstöður birtar í töflum og myndum sem sýna hlutfallslega skiptingu svara. Helstu niðurstöður dregnar fram í texta
- + Kynning niðurstaðna

Takk fyrir áheyrnina